

Alþingi
Erindi nr. E 139/74
komudagur 1.11.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 28. október 2010

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, 20. mál.

SA og SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og styðja samtökin lögfestingu ákvæða sem hafa það markmið að flýta meðferð dómsmála sem varða réttarágreining um lögmæti gengistryggðra lána. Bæði lánveitendur og lántakar hafa hag af því að leyst verði úr réttarágreiningu sem fyrst þannig að hjól efnahagslífisins taki að snúast af krafti á nýjan leik. Það er því mikilvægt að tryggja getu dómstóla til að vinna hratt úr þeim fjölda mála sem þeim munu berast á næstu misserum. Samtökin benda á að það má einnig gera með því að stofna sérstaka deild á héraðsdómsstigi sem fjallar um þessi mál. Með því eru líkur á að sérþekking muni byggjast upp innan dómstólanna á þessum málum og hraði í málsmeðferð aukast.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Árnason

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Jóna Björk Guðnadóttir